

Mánudaginn 6. maímánaðar.

Nr. 55/1894:

Páll Hafliðason
 gegn
 Einari Magnússyni.

D ó m u r:

Nokkru fyrir jól 1893 ljét áfrýjandinn, eigandi jarðarinnar Skrauthóla á Kjalarnesi, birta stefnda, er hafði verið leiguliði á jörð þessari síðan 1888, skjal, er byggði honum út af jörðinni í næstu fardögum (1894), og þegar stefndi vildi eigi sinna þessari útbyggingu að neinu, beiddist hann útburðar á stefnda af jörðinni í fardögum 1894 hjá hlutadeigandi fógeta, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, en hann neitaði að framkvæma útburðinn með úrskurði 13. júní f. á., er nú er áfrýjað með stefnu, dags. 18. desbr. f. á. Áður hefur sama úrskurði verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. sept. 1894, en var þá vísað frá rjettinum með dómi upp kveðnum 17. desbr. s. á.

Áfrýjandinn orðaði í fyrsta sóknarskjali sínu fyrir yfirdóminum megin-rjettarkröfu sína svo, að hann krafðist að stefndi yrði dæmdur til að víkja burt af Skrauthólum í næstkomandi fardögum (1895), en í næsta sóknarskjali sínu lagfærði hann kröfu sína þannig, að hann krafðist að fógetaúrskurðurinn yrði felldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma útburðinn. Stefndi mótmælti því, að krafa áfrýjanda, eins og hún fyrst var orðuð, gæti komizt að í málinu, og áleit,

að hin síðari lagfæring hans á henni væri of seint fram komin, og krafðist hann því frávísunar málsins frá yfirdómi.

Að vísu er það einnig svo, að hin fyrri krafa áfrýjanda getur eigi orðið lögð til grundvallar fyrir dómi í yfirrjettinum, eins og hún er orðuð, þar sem um svo lagaða kröfu hefur ekki verið dæmt í undirdómi, en á hinn bóginn ber þess að gæta, að í áfrýjunarstefnunni er tekið fram, að krafizt verði ógildingar á hinum áfrýjaða úrskurði, og að öli málsfærsla áfrýjanda frá upphafi virðist lúta að því sama, og þar sem einnig má lita svo á, að krafan um ógilding úrskurðarins sje fölgín í optnefndri kröfu um að stefndi víki af jörðinni, þá þykir eigi þurfa að frávísa málinu fyrir nefnda sök nú, eptir að áfrýjandi hefur lagfært kröfu sína svo sem að ofan greinir.

Að öðru leyti hefur áfrýjandi krafizt þess, að stefndi fyrir tjón það, er hann hafi bakað sjer með þrásetu sinni og öðrum aðförum, verði dæmdur til að greiða sjer allt að 300 króna skaðabætur eptir mati dómsins eða óvilhallra manna, og að hann verði dæmdur til að greiða sjer allan af áfrýjun málsins og fógetagjörðinni leiðandi kostnað skaðlaust eptir reikningi. Hinn stefndi hefur aptur að því efni málsins snertir, krafizt þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og hann sýknaður af öllum kröfum mótpartsins, og mótparturinn dæmdur til að greiða sjer 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Að því er aðalefni málsins snertir, þá var stefnda, eins og fyr er getið, byggð jörðin Skrauthólar árið 1888, og með því að ekkert bygningarbrjef var út gefið, en stefndi hefur haldið því fram, að sjer hafi verið byggð jörðin með lífsábúðarrjetti, án þess að því hafi verið beinlínis neitað af áfrýjanda, verður að álíta, að stefndi hafi öðlzt slíkan rjett með byggingunni; en áfrýjundi telur, að stefndi hafi brotið af sjer ábúðarrjettinn, og voru ástæður þær, er áfrýjandi færði fyrir útbyggingunni af jörðinni og síðan fyrir kröfunni um útburð af henni þessar helztar: að stefndi hafi eigi greitt landsskuld af jörðinni síðan í fardögum 1890, sem viðurkennt er í málinu að hafi verið áskilin 60 krónur á ári, að hann hafi ljeð mönnum slægjur í landi jarðarinnar fram yfir það, sem hann hafi haft leyfi til, og án þess það væri í skiptum fyrir hlunnindi eða landsnytjar, er jörðin þarfnadist, og að hann á sama hátt hafi leyft mönnum torfristu í landi jarðarinnar. Hvað landsskuldargreiðsluna áhrærir, þá hefur stefndi eigi getað sannað, að hann hafi staðið í skilum með landsskuld jarðarinnar hin umræddu ár 1891, 1892 og 1893, en hann hefur lagt fram skjal með nafni áfrýjanda undir og dagsett 2. júlí 1892, þar sem áfrýjandi gefur samþykki sitt til, að stefndi taki undir sjálfum sjer allar landsskuldir af Skrauthólum upp í landamerkjamálskostnað og til skuldajöfnunar á móti því, er áfrýjandi kynni að fá hjá honum til þarfa sinna eptirleiðis, og í sambandi við þetta skjal hefur stefndi vísað til reiknings, er fram er

kominn í málinu og hann sendi áfrýjanda í nóv. 1893, en eptir honum hefur gengið til landamerkmálskostnaðar og í aðrar greiðslur í þarfir áfrýjanda nokkuð meira en nemur landsskuidunum fyrir öll 3 framantalin ár. En þar sem áfrýjandi neitaði því gjörsamlega fyrir fúgetarjettinum, að hann hefði undirskrifað eða átt neinn þátt í útgáfu skjalsins 2. júlí 1892, og mótmælti einnig hinum framkomna reikningi sem í flestum atriðum sjer óviðkomandi eða röngum, og stefndi eigi gat fært neinar sannanir sínu máli til stuðnings gegn mótmælum þessum, þá verður eigi álitid, að stefndi hafi með nefndum skjölum fært þær sönnur eða líkur fyrir því, að hann hafi staðið í skilum með jarðarafgjöld sín, að fúgeti hafi eins og á stóð getað álitid útbygginguna af hendi áfrýjanda ólöglega og neitað að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð. Þar sem það nú enn fremur er sannað í málinu, að stefndi árin 1891 og 1892 ljeði 2 mönnum slægjur í landi jarðarinnar án leyfis áfrýjanda, en slík notkun á ábúðarjörð hans verður, eptir því sem upplýst er, að álitast hafa verið með öllu óheimil, sbr. 13. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. jan. 1884, þá verður að álitá, að áfrýjandi hafi fært fyrir fúgetarjettinum nægileg rök fyrir því, að stefndi hafi vanhaldið byggingarskilmála sína, og því getað krafizt þess, að að hann yrði borinn út af jörðinni. Það verður því að fella hinn áfrýjanda fúgetaúrskurð úr gildi. Eptir atvikum þykir eigi ástæða til að dæma áfrýjanda neinar sjerstakar skaðabætur hjá stefnda fyrir

ir þrásetu hans á jörðinni eða aðfarir hans að öðru leyti. Málskostnaður virðist og eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal úr gildi felldur. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. maímánaðar.

Nr. 11/1895:

Rjettvisin

gegn

Sigfúsi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði gegn ákærða Sigfúsi Jónssyni fyrir hluttekningu í þjófnaði; var það dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 27. ágústmán. f. á. með þeim úrslitum, að ákærði skyldi sæta 2 daga fangelsi við vatn og braud og greiða $\frac{1}{3}$ málskostnaðar, þar á meðal $\frac{1}{3}$ af 4 króna þóknun til hins skipaða verjanda.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Málsatvik eru þessi: Snemma árs 1894 stal Eiríkur nokkur Kristjánsson, er átti heima í Pistilfirði, buxum austur á Vopnafirði, er hann var á ferð þar. Geymdi hann buxurnar þangað til í aprilmánuði s. á., en þá fjekk hann ákærða, Sigfús Jónsson, sem átti ferð fyrir höndum austur í Vopnafjörð, til þess að taka buxurnar með sjer